

Fundur 13. desember 2006

Fundur í  
**mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps**  
miðvikudaginn 13. desember 2006 kl.: 20:00

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Karl Kristjánsson, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Ingvar Samúelsson, Björn Samúelsson, Áslaug Guttormsdóttir, Óskar Steingrímsson fundarritari.

Gústaf setti fund, bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Uppsögn skólastjóra og ráðning nýs skólastjóra.  
Hilmar Þór skólastjóri hefur sagt upp starfi sínu og látið af störfum.  
Samið við Áslaugu Guttormsdóttur að taka við skólastjórn út skólaárið.  
Ákveðið að auglýsa eftir skólastjóra í febrúar 2007.  
Rætt um hvað gera þarf til hagræðingar miðað við núverandi aðstæður í skólanum.
2. Önnur mál.
  - a) Íþróttahús  
Ingvar spyr hvenær sé áætlað að ljúka íþróttahúsinu. Loftræsting ekki fullfrágengin, uppþvottavél vantar í eldhúsið og lokafrágangur tæknirýmis er eftir. Áætlað að þetta verði klárað á árinu 2007.
  - b) Leikskólamál.  
Ingvar spyr hvað er búið að vinna í endurbótum við leikskólann? Lítið hefur enn verið gert í endurbótum, en búið er að panta stóla sem óskað var eftir. Timbur er til í skjólvegg sem æskilegt væri að ljúka sem fyrst. Málinu vísað til þess hóps sem valinn var til að sjá um málið.
  - c) Félagsmál skóla.  
Á síðasta fundi nefndarinnar var valið í nefnd sem hefði það verkefni að finna leiðir til að koma á fót vísi að félagsmiðstöð. Hilmar Þór var einn af nefndarmönnum. Þar sem Hilmar Þór er ekki lengur á staðnum er stungið upp á Herdísi Matthíasardóttur í stað Hilmars. Áslaug verði nefndinni til aðstoðar.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl.:10.00.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Björn Samúelsson (sign)

Áslaug B. Guttormsdóttir (sign)

Ingvar Samúelsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)